



Grænfáninn

16. nóvember 2009

Þriðji fundur umhverfisnefndar á skólaárinu 2009-2010. Mætt voru: Svanborg, Didda, Sif, Kata, Elmar, Logi og Kjartan Már. Margrét og Elís voru veik og Azra og María í skólabúðum.

Ákveðið að kalla inn varamenn þegar forföll eru hjá þeim sem sitja í nefndinni hverju sinni. Þannig að sá sem mun koma inn á áramótum leysi af fyrir áramót og svo öfugt, sá sem sat fyrir áramót leysi af eftir áramót.

Nemendum sagt frá heimsókn Ragnars Franks Kristjánssonar landslagsarkitekts.

Þrif á skólalóð á næsta leyti og munu skólaliðar kalla nemendur í 5. bekk til þeirra starfa við fyrsta tækifæri þegar veður leyfir.

Bekkjjarfulltrúar eiga að minna á að ljós séu slökkt samkvæmt þeim reglum sem eru í gildi. Einnig þarf að minna á að fylgst sé með umgengni í fatahengjum og umsjónarnemendur fái það hlutverk. Umgengni hefur skánað frá því fyrr í haust en mikilvægt er að halda því við.

Nýtt skipulag fyrir skolun einnota umbúða á efsta stigi tekur gildi á morgun.

Ómar Hall, nemandi í 7. bekk hefur ásamt stuðningsfulltrúa sínum fengið það hlutverk að fara með flokkað rusl út í gámanna og er það hluti af hans verkmenntun. Metið verður hvernig það gengur.

Í bígerð er að breyta fyrirkomulagi við gámanna fyrir flokkað sorp í þeim tilgangi að minnka kostnað og að auðveldara sé að fara með rusl út í pá. Hugmyndin er að stóri gámurinn fyrir pappann verði tekinn en í hans stað komi minni grænn plastgámur eða tunna, sú tunna og sú sem fyrir er úti við sundlaug verði settar upp við vesturvegg skólans við hlið sorptunnanna fyrir eldhúsið.

Fundi slitið 14:00
Svanborg